

Mánudaginn 23. júní 1975.

Nr. 2/1975. **Kyndill h/f**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni

(sjálfur).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómaramennir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1975. Krefst hann þess aðallega, að meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. október 1974 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engir þeir annmarkar þykja vera á meðferð máls í héraði, að ómerkingu varði.

Stefndi hefur lýst yfir því hér fyrir dómi, að Á. H. Magnússon & Co. sé eigandi vixla þeirra, sem um ræðir í máli þessu. Stefndi er handhafi þeirra samkvæmt eyðuframsali til innheimtu, og er honum því rétt að innheimta þá í eigin nafni.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, greiði stefnda, Ragnari Jóns-
syni hæstaréttarlögmanni, samtals 300.000 krónur í
málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri
aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 21. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum mál-
flutningi í dag, hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Hverf-
isgötu 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með
stefnu, útgefinni 25. september sl. og birtri 26. september sl., á
hendur Kyndli h/f í Keflavík til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð
kr. 1.647.474 auk 1.5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan van-
skilamánuð af kr. 219.200 frá 4. febrúar 1973 til 12. febrúar 1974,
af kr. 438.400 frá þeim degi til 16. febrúar 1974, af kr. 657.600 frá
þeim degi til 3. mars 1974, af kr. 1.101.200 frá þeim degi til 20.
mars 1974, af kr. 1.396.200 frá þeim degi til 28. apríl 1974 og af
kr. 1.647.474 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum
fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. júlí 1974 til greiðslu-
dags, kr. 1.290 í bankakostnað og kr. 1.200 í afsagnarkostnað og
málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: Skuld þessi er vegna 6 víxla,
sem allir eru útgefnir og ábaktir af Á. H. Magnússyni & Co. og
allir samþykktir til greiðslu af Kyndli h/f, Keflavík.

Víxlarnir eru sem hér segir:

1. Kr. 219.200, útgefinn 1. janúar 1974, samþykktur til greiðslu
4. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík,
afsagður 6. febrúar 1974.
2. Kr. 219.200, útgefinn 13. desember 1973, samþykktur til
greiðslu 12. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í
Keflavík, afsagður 14. febrúar 1974.
3. Kr. 219.200, útgefinn 30. desember 1973, samþykktur til
greiðslu 16. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í
Keflavík, afsagður 19. febrúar 1974.
4. Kr. 443.600, útgefinn 3. janúar 1974, samþykktur til greiðslu
3. mars 1974 í Útvegsbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður
5. mars 1974.
5. Kr. 295.000, útgefinn 21. desember 1973, samþykktur til
greiðslu 20. mars 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Kefla-
vík, afsagður 22. mars 1974.

6. Kr. 251.274, útgefinn 1. mars 1974, samþykktur til greiðslu 28. apríl 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 30. mars 1974 (sic).

Stefnandi segir og í stefnu, að allir víxlarnir hafi verið afsagðir sökum greiðslufalls, eins og að ofan greinir. Í greinargerð sinni segir stefnandi, að útgefandi víxlanna, Á. H. Magnússon & Co., hafi látið þá í banka í þeirri von, að samþykkjandi mundi greiða þá. Sú von hafi brugðist, hann hafi þá leyst til sín víxlana og síðan afhent stefnanda þá. Stefnandi kveðst því leggja víxlana fram í máli þessu til innheimtu á hendur samþykkjanda.

Stefnandi byggir kröfu sína um sýknu á því, að víxlarnir séu greiddir. Hann hafi samkvæmt tilmælum forstöðumanns firmans Á. H. Magnússonar & Co. í Reykjavík, þrátt fyrir það að víxlarnir væru ekki komnir í gjalddaga, leyst til sín fyrir firmað Á. H. Magnússon & Co. vörureikninga og farmskírteini fyrir vörum frá firmanu J. A. Pennington & Co. í Englandi, en skjöl þessi hafi legið í Útvegsbanka Íslands í Keflavík. Stefnandi kveður sig hafa gert þetta hinn 18. febrúar og hafi krafan numið kr. 2.893.055 og sé dómsskjal nr. 10 kvittun fyrir þessari greiðslu til bankans. Daginn eftir hafi hann sent hin útleystu skjöl til firmans Á. H. Magnússonar & Co. með bréfinu á dómsskjali nr. 11. Jafnframt hafi hann í sama bréfi á dómsskjali nr. 11 talið upp alla víxlana 6, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, að upphæð kr. 1.647.474, og auk þess séu þar nefndir aðrir 2 víxlar að upphæð kr. 250.000 hvor, eða samtals kr. 500.000. Víxlarnir, sem stefnt sé fyrir í þessu máli, nemi kr. 1.647.474, eða samtals kr. 2.147.474. Í bréfinu á dómsskjali nr. 11 sé þessi upphæð dregin frá greiðslunni samkvæmt dómsskjali nr. 10 og verði þá eftir kr. 745.581. Í bréfinu sé skorað á firmað Á. H. Magnússon & Co. að greiða þessa upphæð og bréfsafritin á dómsskj. nr. 12, 13 og 14 séu ítrekanir á þessum kröfum að skila víxlunum og greiða kr. 745.581. Penningaupphæðina hafi firmað Á. H. Magnússon & Co. greitt, en víxlunum hafi það ekki skilað.

Stefnandi segir í greinargerð sinni, að í máli þessu sé stefnandi Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, og ef um venjulegt málfærslumboð væri að ræða og firmað Á. H. Magnússon & Co. væri eigandi víxlanna, þá væri málssókn að vísu ástæðulaus, en eðlileg málslok yrðu þá, að stefnandi yrði skyldaður til þess að afhenda umbjóðanda hans, þ. e. a. s. stefnda, víxla þessa án endurgjalds, með því að hann sé búinn að greiða þá.

Vitnið Ásgeir Haukur Magnússon stórkaupmaður, fæddur 23.

júní 1936, til heimilis Háaleitisbraut 119, Reykjavík, kom fyrir réttinn í dag, og kvaðst vitnið hafa gefið út víxla þá, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, f. h. fyrirtækisins Á. H. Magnússonar & Co., en vitnið kvaðst vera eini prókúruhafi þess fyrirtækis, en það fyrirtæki sé sameignarfélag. Vitnið kvaðst hafa framselt víxlana til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns til fullra umráða, en kvaðst ekki svara því, hvort þeir hefðu verið framseldir til eignar, en vísaði til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns með svar á þeirri spurningu. Vitnið kvaðst hafa leyst til sín úr banka alla þá víxla, sem stefnt er fyrir, og kvaðst hafa leyst þá til sín, eftir að þeir voru gjaldfallnir, eins og víxlarnir beri með sér. Vitnið kvaðst áður hafa selt víxlana í Útvegsbanka Íslands í Reykjavík og Verslunarbanka Íslands h/f í Reykjavík og leyst þá síðan til sín aftur, eftir að þeir voru gjaldfallnir. Vitninu var kynnt greinargerð stefnda á dómsskjali nr. 9 og lýsti því yfir, að það, sem þar kæmi fram, væri „ómerkur þvættingur, sem honum beri ekki skylda til að svara og vísar til lögmanns síns“. Vitnið sagði aðspurt, að stefndi hefði greitt skjöl í Útvegsbanka Íslands, sem hafi verið á nafni fyrirtækis vitnisins, en hann hefði gert þá greiðslu upp við stefnda, sem honum hefði borið að gera, og varði sú greiðsla ekkert þá víxla, sem hér væri stefnt út af, þeir væru ógreiddir. Vitninu var sýnt dómsskjal nr. 10, kvittun frá Útvegsbanka Íslands, og mundi vitnið ekki eftir því að hafa séð kvittunina, en ekki væri ólíklegt, að kvittun þessi stemmdi við þau skjöl, sem stefndi hefði greitt og vitnið hafði fengið í hendurnar. Vitnið kvaðst hafa greitt stefnda það, sem honum hefði borið að greiða, á skrifstofu hans í Keflavík og fengið þá stimpluð frumrit reikninganna og farmbréfanna. Vitninu var kynnt afrit bréfa dómsskjala nr. 11—14 og kvaðst aldrei hafa fengið þessi bréf og reikningana hafi hann fengið afhenta, eins og áður greinir, en ekki fengið þá senda í pósti.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa fengið sérstaka kvittun frá stefnda, en hann hefði fengið frumrit allra reikninganna og farmbréfanna stimpluð greiðslustimpli Útvegsbankans í Keflavík, þegar hann greiddi stefnda á skrifstofu hans. Vitnið kvaðst hafa greitt helming vörureikninganna samkvæmt samkomulagi við framkvæmdastjóra stefnda, Jósafat Arngrímsson, og félaga hans, Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99 í Reykjavík, en samkomulag hefði verið um það, að vitnið greiddi helming af kostnaði varanna, þar sem ákveðið hefði verið að selja vöruna sameiginlega til verslunarinnar Casanova, Bankastræti 9, Reykjavík, og hefði

það verið gert, en vörurnar hefðu verið „tollklareraðar“ af Jóhanni Stefánssyni og afhentar af Jóhanni til verslunarinnar. Vitnið kvaðst hafa greitt helming vöruheikninganna á skrifstofu stefnda, eins og áður greinir. Vitnið sagði, að greiðslur fyrir vörurnar, en það hefðu verið víxlar frá Casanova, hefði verið skipt í samræmi við samkomulagið og skipt til helminga milli vitnisins annars vegar og stefnda og Jóhanns Stefánssonar hins vegar. Vitnið sagði, að Jóhann Stefánsson hefði verið vitni að því, að vitnið greiddi sinn helming vörunnar á skrifstofu stefnda í Keflavík.

Í þessu þinghaldi kom fram krafa um það frá stefnda, að hann fengi frekari frest í málinu til þess að leiða vitni og aðilja. Stefnandi neitaði stefnda um þennan frest, og var kveðinn upp úrskurður um það ágreiningsatriði í því réttarhaldi. Niðurstaða þess úrskurðar var sú, að stefnda var synjað um umbeðinn frest.

Varnarástæða stefnda í máli þessu er sú, að umræddir víxlar, sem stefnt er út af, séu greiddir. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sem skýra ber þröngt, getur stefndi ekki haft uppi þá vörn í máli þessu, að víxlarnir séu greiddir. Stefndi hefur því engar lögfullar varnir færð fram gegn víxlunum, og verður því að dæma málið eftir framlögðum gögnum stefnanda. Þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda eru engir þeir gallar á málalíðunnaði, er frávísun varða.

Málskostnaður tildæmist kr. 250.000.

Jón Eysteinnsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kyndill h/f, greiði stefnanda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 1.647.474 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 219.200 frá 4. febrúar 1974 til 12. febrúar s. á., af kr. 438.400 frá þeim degi til 16. febrúar 1974, af kr. 657.600 frá þeim degi til 3. mars 1974, af kr. 1.101.200 frá þeim degi til 20. mars 1974, af kr. 1.396.200 frá þeim degi til 28. apríl 1974, af kr. 1.647.474 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.490 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.